

Miðvikudaginn 9. apríl 1975.

Nr. 4/1974. **Alþýðusamband Íslands vegna**

Félags framreiðslumanna

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda vegna

Sigmars Péturssonar

(Ingi R. Helgason hrl.).

Dómarar:

Guðmundur Jónsson, Sigurður Lindal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Vignir Jósefsson og Ragnar Ólafsson.

Uppsögn trúnaðarmanns dæmd ólögæt. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. þ. m., er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands með stefnu útgefinni 30. október 1974 vegna Félags framreiðslumanna gegn Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda vegna Sigmars Péturssonar. Eru dómkröfur stefnanda þær, að uppsögn Sigmars Péturssonar á trúnaðarmanni Félags framreiðslumanna, Sigurði Sævari Matthíassyni, hinn 29. september 1974, verði dæmd brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögæt af þeim sökum, og að stefnda verði dæmd refsing samkvæmt 11. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 80/1938. Þá er krafizt málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að Sigurður Sævar Matthíasson réðist til starfa í Veitingahúsinu Sigtúni sem framreiðslumaður síðari hluta vetrar 1974, en ágreiningslaust er, að Sigmar Pétursson sé einkaeigandi veitingahússins. Með bréfi, dags. hinn 4. júlí 1974, tilkynnti Félag framreiðslumanna Sigmari, að það tilnefndi Sigurð Sævar Matthíasson og Brynju Guðmundsdóttur til trúnaðarmannsstarfa fyrir félagið í veitingahúsinu og samkvæmt 9. gr. laga nr. 80/1938 var Sigmari

boðið að velja á milli þessara félagsmanna sem trúnaðarmanns fyrir 15. júlí. Var Sigmari jafnframt tjáð, að ef tilkynning um val hefði ekki borizt fyrir þann dag, yrði litið svo á, að sá félagsmaður, sem fyrr var nefndur, hefði verið samþykktur sem trúnaðarmaður. Ekki barst félaginu svar, og með bréfi, dags. hinn 20. júlí 1974, var Sigurður Sævar Matthíasson skipaður trúnaðarmaður Félags framreiðslumanna í Veitingahúsinu Sigtúni. Hinn 29. september 1974 sagði Sigmar Pétursson Sigurði Sævari Matthíassyni upp starfi í Veitingahúsinu Sigtúni frá 15. október s. á. að telja. Síðar féllst Sigmar á, að Sigurður Sævar ætti rétt á uppsagnarfresti til og með 31. október, en hélt að öðru leyti fast við uppsögnina. Í samtali, sem formaður Félags framreiðslumanna átti við Sigmar Pétursson, kom fram, að uppsögnin væri byggð á þeirri forsendu, að gestir veitingahússins hefðu kvartað yfir störfum Sigurðar Sævars Matthíassonar. Sigurður Sævar Matthíasson hefur hins vegar andmælt þessari ásökun, og er því mál þetta höfðað.

Sigurður Sævar Matthíasson hefur skýrt svo frá, að hann hafi byrjað að starfa í Veitingahúsinu Sigtúni 29. marz 1974. Hann kveðst hafa verið skipaður trúnaðarmaður Félags framreiðslumanna í veitingahúsinu hinn 20. júlí. Áður en hann fór í sumarleyfi um mánaðamótin júlí—ágúst, kveður hann til tals hafa komið, að framreiðslumenn í húsinu færðust mánaðarlega milli „stillinga“, en það er kallað það safn borða, sem hver framreiðslumaður hefur til umsjónar. Sigurður Sævar kveðst hafa verið mótfallinn þessari tilhögun, en kveður hana hafa verið samþykkt á meðan hann var í sumarleifi. Hann kveðst svo hafa byrjað að vinna á sinni gömlu „stillingu“, er hann hóf störf að nýju hinn 30. ágúst, en nokkrar breytingar hafi þá verið búið að gera á „stillingum“, jafnframt því sem búið hafi verið að breyta inngangi í húsið. Hann kveður yfirframreiðslumann hafa haldið sinni „stillingu“, en tveir framreiðslumenn hafi flutzt milli „stillinga“. Um mánaðamótin september og október kveðst Sigurður Sævar hafa verið látinn skipta um „stillingu“ við annan þessara framreiðslumanna, en hinn hafi haldið sinni „stillingu“ og hafi orðið nokkur óánægja af þessu, en ekki kveður Sig-

urður Sævar hafa komið til árekstra milli sín og Sigmars út af þessum breytingum. Sigurður Sævar kveðst hafa veitt því athygli, eftir að hann kom úr sumarleyfinu, að Sigmar hafi fylgzt meira með sér við vinnu en áður. Snemma í september kveður hann yfirframreiðslumanninn hafa komið og sagzt vera að taka sýnishorn af vodka. Hafi hann tekið í glös sýnishorn úr tveimur vodkaflöskum og farið með þau á bak við. Ekki kveðst Sigurður Sævar vita annað en þetta hafi verið gert hjá öðrum framreiðslumönnum hússins. Hann kveður þetta svo hafa verið endurtekið síðar þetta sama kvöld, en ekki kveðst hann hafa heyrt frekar um þessi sýnishorn. Sigurður Sævar kveður það svo hafa verið nálægt miðjum september, að Sigmar hafi komið til sín við vinnu og tekið vinnmálin af borðinu, en þau hafi verið tvö, bæði löggilt af Löggildingarstofu mælitækja. Sigurður Sævar kveður yfirframreiðslumanninn hafa skýrt sér frá því, að Sigmar hafi verið að mæla málin. Hinn 20. september kveður Sigurður Sævar Sigmar svo hafa komið að þar sem eiginkona sín, Oddný Elva Hannesdóttir, er verið hafi sér til aðstoðar, hafi verið að mæla í glös og sakað hana um að mæla ranglega. Sigurður Sævar kveður eiginkonu sína hafa mótmælt þessu sem tilhæfulausu. Hann kveður svo yfirframreiðslumanninn hafa komið stuttu seinna og spurt, hvort konan væri að mæla skakkt, en því hafi einnig verið mótmælt. Um kl. 0030 þetta sama kvöld kveður Sigurður Sævar svo yfirframreiðslumanninn hafa komið og tjáð sér þau fyrirmæli Sigmars, að hann vildi ekki að Oddný Elva kæmi frammar til starfa í veitingahúsinu, því að hún blandaði skakkt. Hún hafi þá óskað að fá að tala við Sigmar, en hann hafi haldið fast við ákvörðun sína. Sigurður Sævar kveður yfirframreiðslumanninn hafa komið til sín um mánaðamótin september—október og sagt sér, að Sigmar mundi ætla að segja sér upp starfi. Hafi yfirframreiðslumaðurinn mælt til þess, að hann segði sjálfur upp, þar sem þá mundi verða betra að fá vinnu að nýju. Ekki kveðst Sigurður Sævar hafa svarað þessu neinu, en um mánaðamótin hafi svo uppsögnin borizt með símskeyti. Sigurður Sævar kveðst í fyrstu hafa sett þá athygli, sem Sigmar veitti sér að loknu sumarleyfi, í samband við það, að sala hafi

dregiðt verulega saman á „stillingu“ hans eftir að inngangi í húsið var breytt. Áður hafi gestir fyrst komið að borðum hans, en eftir breytinguna hafi þeir komið fyrst að borðum, sem voru næst inngöngudyrunum. Síðar kveður Sigurður Sævar sér hafa orðið ljóst, að Sigmar kynni að vera að leita að ástæðu til að losna við sig. Hann kveðst ekki geta bent á einstök atvik, sem sýni að uppsögnin standi í sambandi við trúnaðarmannsstarfið, en sú staðreynd, að það hafi fyrst verið eftir skipunina í það, sem athygli Sigmars hafi farið að beinaast að sér, bendi til þess, að ástæðan fyrir uppsögninni standi í sambandi við trúnaðarmannsstarfið.

Sigmar Pétursson, einkaeigandi Veitingahússins Sigtúns, hefur skýrt svo frá, að yfirframreiðslumaður veitingahússins hafi ráðið Sigurð Sævar Matthíasson til starfa með vitneskju sinni. Sigmar kveður sér hafa verið kunnugt um tilnefningu Félags framreiðslumanna á Sigurði Sævari sem trúnaðarmanni félagsins á vinnustaðnum. Hann kveðst ekki hafa fundið að starfi Sigurðar Sævars sem trúnaðarmanns, enda hafi það aldrei borið á góma þeirra í milli og hafi Sigurður Sævar aldrei haft afskipti af einu eða neinu varðandi starfsfólkið í veitingahúsinu, ekki einu sinni innheimt félagsgjöld, því það hafi yfirframreiðslumaðurinn gert. Hins vegar kveðst Sigmar hafa fundið að starfi Sigurðar Sævars sem framreiðslumanns og einnig að starfi eiginkonu hans, Oddnýjar Elvu Hannesdóttur, sem starfað hafi þarna á vegum Sigurðar Sævars. Sigmar kveðst fyrst og fremst hafa fundið að mælingum eiginkonu Sigurðar Sævars á áfengi, en hann kveðst einnig hafa orðið var við það hjá honum sjálfum, er hann átti leið framhjá borðum þar sem hann var að mæla, að hann mældi ekki rétt. Því hafi hann ekki talið ástæðu til að Sigurður Sævar væri lengur við störf í veitingahúsinu. Sigmar kveðst hafa bannað Sigurði Sævari að hafa Oddnýju Elvu lengur í vinnu, en kveðst hafa beðið með að láta Sigurð Sævar hætta að vinna, þar til eðlilegur uppsagnarfrestur var liðinn. Sigmar kveður sér einnig hafa fundið það óeðlilegt eftir að Sigurður Sævar kom úr sumarleyfi, að þá hafi hann tekið upp á þeirri nýbreytni að gera upp með ávisunum, annað hvort útgefnum af honum sjálfum eða útgefnum af eigin-

konu hans, en hins vegar hafi hann ekki skilað neinu af þeim peningum, sem komu inn. Kveðst Sigmar hafa einnig fundið að þessu við Sigurð Sævar, en það hafi ekki dugað til. Sigmar kveðst aldrei hafa orðið fyrir óþægindum af þessum ávísunum, en hann kveður aldrei hægt að vita, hvenær þær bregðast. Sigmar kveður sér hafa borizt þó nokkrar kvartanir viðskiptavina út af afgreiðslu á „stillingu“ Sigurðar Sævars og muni hann kannast við nokkra þeirra, sem kvörtuðu. Hann kveður kvartanirnar einnig hafa borizt til eiginkonu sinnar, sem starfi þarna við bar þann, sem næstur er „stillingu“ Sigurðar Sævars. Sigmar kveðst hafa kvartað við Sigurð Sævar fyrst fyrir milligöngu yfirframreiðslumannsins, en einnig kveðst hann sjálfur hafa talað við Sigurð Sævar. Sigmar kveður sýnishorn hafa verið tekin af vodkaflöskum hjá Sigurði Sævari, en þau hafi aldrei verið send í rannsókn. Sigmar kveður Sigurð Sævar hafa verið ráðinn um mánaðamótin marz—apríl og kveður kvartanir hafa borizt út af störfum hans, m. a. í maí, júní og júlí. Sigmar kveður sér ekki hafa borizt kvartanir út af öðrum framreiðslumönnum. Hafi kvartanir þá einkum borizt til eiginkonu hans, sem starfi í veitingahúsinu.

Hann kveður formann Félags framreiðslumanna hafa haft samband við sig út af uppsögn Sigurðar Sævars og bent sér á, að uppsögn ætti að miðast við mánaðamót, þ. e. að Sigurður Sævar hætti að vinna um mánaðamót, en ekki um miðjan mánuð, eins og hann hafi sjálfur talið og kveðst hann hafa leiðrétt þetta. Ekki kveðst Sigmar minnst þess, að rætt væri um það, að hann væri að segja upp trúnaðarmanni félagsins. Sigmar kveðst hafa ráðið annan framreiðslumann í stað Sigurðar Sævars.

Örn Ólafsson, yfirframreiðslumaður í Veitingahúsinu Sig-túni, hefur skýrt svo frá, að starf yfirframreiðslumanns sé fyrst og fremst fólgið í því að vera fulltrúi veitingamanns á vinnustað gagnvart gestum og gegna öðrum trúnaðarstörfum. Kveðst hann reyna eftir beztu getu að fylgjast með öllu, sem við kemur framreiðslumönnum og öðru starfsfólki. Örn kveður ekki hafa verið kvartað við sig yfir störfum Sigurðar Sævars Matthíassonar, en kveður Sigmar Pétursson hafa tjáð

sér, að töluvert hafi verið kvartað við hann út af störfum Sigurðar Sævars. Örn kveður Sigmar hafa rætt þetta við sig og að sögn Sigmars hafi fólk kvartað út af mælingu á víni í veitingahúsinu og er hann, þ. e. Sigmar, hafi spurt fólk, hvaða framreiðslumaður ætti þarna hlut að máli, hafi Sigurður Sævar verið nefndur. Örn kveðst hafa trúað þessu mátulega og talið, að þetta gæti ekki átt sér stað og reynt að hilma yfir þetta, en kvartanir frá Sigmari hafi alltaf ágerzt. Ekki kveður Örn sér kunnugt um, að svona áberandi kvartanir hafi horizt út af öðru starfsfólki í veitingahúsinu. Örn kveður úttekt framreiðslumanna í veitingahúsinu hagað þannig, að þeir áætli hvað þeir þurfi af áfengi og öðrum vörum til sölu á laugardags- og föstudagskvöldum og taki þeir vörurnar út hjá birgðaverði á föstudagskvöldum gegn kvittun á miða og síðan sé þetta gert upp í lok vinnutíma. Ef þeir hafi þá ekki selt allt, þá sé gefinn út annar miði og sé þetta síðan gert upp á laugardögum. Örn kveður sér það minnisstætt, að hann hafi farið í leyfi föstudag og laugardag í byrjun septembermánaðar, og þegar hann kom aftur, hafi sér fundizt eitthvað vera að. Hann kveður Sigmar hafa boðað sig inn á skrifstofuna til sín ásamt framreiðslumanni nr. 2, sem sé aðstoðarmaður sinn. Þar hafi þeir rætt um söluna yfir helgina og hafi sér þá verið bent á kvittanir útgefnar á föstudeginum. Hafi þá komið fram, að Sigurður Sævar hafi ekki tekið út nema eina flösku af áfengi, þegar aðrir framreiðslumenn seldu ágætlega á föstudeginum og tóku út meira magn á laugardeginum, t. d. 15 flöskur. Örn kveður sölu Sigurðar Sævars hafa verið óeðlilega litla. Örn kveðst hafa talað við Sigurð Sævar og beðið um skýringu. Hafi hann ekki haft aðra skýringu en þá, að það hafi verið svo lítið að gera hjá sér á föstudeginum og hafi hann ekki þurft að taka meira út. Örn kveðst hafa látið þessa skýringu nægja. Hann kveður þetta hafa verið eina skiptið, sem þess varð vart, að Sigurður Sævar tæki út miklu minna en aðrir. Örn kveður þetta hafa verið upphafið að því, að farið var að fylgjast meira með Sigurði Sævari en áður var gert. Sigmar hafi komið síðar til sín og sagt sér, að hann hefði staðið eigin konu Sigurðar Sævars að því að mæla illa. Hafi Sigmar sagzt

hafa staðið fyrir aftan hana og séð það. Kveðst Örn hafa sagt Sigmari, að hann tryði þessu ekki og honum hlyti að hafa missýnzt, en Sigmar hafi haldið fast við þetta. Örn kveðst hafa rætt þetta við Sigurð Sævar og þetta atvik hafi leitt til þess, að Sigmar hafi viljað segja Sigurði Sævari upp starfi. Örn kveður miklar sveiflur hafa verið á sölu veitinga síðastliðið sumar, því minnst sé að gera á sumrin, en nú kveður hann sölu svipaða hjá öllum framreiðslumönnum, enda sé aðsókn alltaf að aukast og því verði sala miklu jafnari yfir húsið, en það geti alltaf komið tímabil, er minna sé að gera hjá einhverjum. Örn kveður Sigurð Sævar aðallega hafa starfað á einum stað í veitingahúsinu og hafi „stilling“ hans verið við neyðarútganginn við hliðina á barnum, sem eiginkona Sigmars stjórnar. Hinn 8. ágúst sl. kveður Örn inngangi í veitingahúsið hafa verið breytt og eftir það dreifist gestir meira um húsið, en áður hafi Sigurður Sævar getað byrjað að selja gestum fyrr en aðrir. Kveðst Örn telja, að þessi litla sala hjá Sigurði Sævari, sem áður er vikið að, geti skýrzt af þessari breytingu.

Bjarni Bjarnason, birgðavörður veitingahússins, hefur skýrt svo frá, að hann afgreiði til framreiðslumanna úr birgðageymslu það, sem þeir selji, svo sem áfengi og tóbak. Þessu sé hagað þannig, að framreiðslumenn komi og geri pantanir sínar og komi þá með seðil, sem þeir fái úttekt á, en þeir kvitti ekki fyrir móttöku, en síðan sé svo gengið frá uppgjöri að lokinni vinnu. Bjarni kveður viðskipti sín við Sigurð Sævar yfirleitt hafa verið góð, en þó hafi virzt eins og það kæmi stundum fyrir gleymaska hjá honum, en þegar honum hafi verið bent á það, þá hafi hann gert upp greiðlega og hann hafi aldrei þrætt fyrir úttekt. Kveðst Bjarni telja, að svona ósamræmi hafi komið fyrir hjá öllum framreiðslumönnum hússins.

Oddný Elva Hannesdóttir, eiginkona Sigurðar Sævars Matthíassonar, kveðst hafa starfað hjá eiginmanni sínum við framreiðslu veitinga til gesta veitingahússins. Hún kveður sér ekki kunnugt um, að gestir hafi kvartað yfir störfum sínum. Hún kveður yfirframreiðslumanninn ekki hafa kvartað, nema kvöldið, er Sigmar vék henni úr húsinu. Atvik hafi verið

þau, að hún hafi verið að mæla í glös, er Sigmar hafi komið og sagt hana mæla slaklega. Hún kveðst hafa mótmælt þessu.

Vitnið Hansína Sesselja Gísladóttir, er starfar við bar þann, sem næstur er „stillingu“ Sigurðar Sævars Matthíassonar, kveðst hafa heyrt í eitt skipti, að kona, sem hafði verið með gestum á „stillingu“ Sigurðar Sævars, kvartaði við eiginkonu Sigmars Péturssonar yfir því, að of lítið vín væri í glasi hennar.

Vitnið Margrét Halldórsdóttir, sem einnig starfar við bar þann, sem næstur er „stillingu“ Sigurðar Sævars, kveður svolítið hafa verið kvartað yfir því, að ekki væri vel mælt í glös á „stillingu“ Sigurðar Sævars. Kveðst hún muna eftir einu tilviki, er hjón hafi kvartað við eiginkonu Sigmars Péturssonar yfir því, að illa væri mælt í glös þar, en ekki kveðst hún hafa séð hver afgreiddi þau. Margrét kveðst telja, að allt starfsfólk veitingahússins fái á sig slíkar kvartanir frá gestum, en það sé annað mál, hvort þær séu alltaf réttmætar.

Vitnin Valdimar Valdimarsson og Áspór Guðmundsson, sem segjast mikið hafa sótt veitingahúsið Sigtún, hafa borið um það, að þeir hafi eitt sinn orðið varir við, að áfengi væri illa mælt á „stillingu“, þar sem þeir voru afgreiddir.

Krafa stefnanda er byggð á því, að Sigurður Sævar Matthíasson hafi verið tilnefndur trúnaðarmaður stéttarfélags síns á vinnustað með lögsmætum hætti og hafi hann því borið réttindi og skyldur í samræmi við það. Ekki sé fram komið, að neinir árekstrar hafi orðið milli Sigurðar Sævars sem trúnaðarmanns og Sigmars Péturssonar. Er því mótmælt af hálfu stefnanda, að fram hafi komið kvartanir út af starfi Sigurðar Sævars, enda geti kvartanir, sem vitni hafi borið um, ekki átt við Sigurð Sævar. Er og á það bent, að engar kvartanir hafi borizt yfirframreiðslumanni og sé Sigmar Pétursson því einn til frásagnar um kvartanir þær, sem hann telji fram komnar. Þá er því haldið fram, að yfirframreiðslumaður hafi aldrei fundið að störfum Sigurðar Sævars, og hvorki verið sannað né gert sennilegt, að Sigmar hafi sjálfur látið í ljós aðfinnslur við hann. Er því haldið fram, að ósannað sé með öllu, að Sigurður Sævar hafi brotið af sér í starfi sínu

eða vanrækt starfsskyldur sínar í veitingahúsinu og því sé uppsögn hans brot á ákvæðum 11. gr. laga nr. 80/1938.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að ástæðan fyrir uppsögn Sigurðar Sævars Matthíassonar úr starfi sé sú, að viðskiptavinir veitingahússins hafi kvartað meira og minna yfir framreiðslustörfum hans, einkanlega fyrir þá sök, að þeim hafi ekki fundist eðlilegt bragð af blönduðum áfengum drykkjum hjá honum, þótt hann mæla helzt til þunnt. Kvartanir þessar hafi eingöngu borizt frá borðum þeim, sem Sigurður Sævar hafi unnið við. Kvartanir þessar hafi verið mjög margar allt það tímabil, sem Sigurður Sævar starfaði í veitingahúsinu, en þær hafi farið vaxandi er leið á sumarið og fram á haust. Þegar svo gestir veitingahússins hafi yfirgefið húsið af þessum ástæðum, hafi ekki verið annað að gera en segja Sigurði Sævari upp starfi. Er því haldið fram, að vegna kvartana þessara hafi oft verið talað við Sigurð Sævar og hann áminntur, bæði hafi yfirframreiðslumaðurinn og Sigmar gert það, en Sigurður Sævar ekki sinnt þeim, né bætt ráð sitt. Önnur ástæða fyrir uppsögninni hafi verið sú, að birgðaverðir veitingahússins hafi þurft að hafa mikla aðgát við afgreiðslu til Sigurðar Sævars og þurft að leggja vandlega á minnið það magn áfengis, sem Sigurður Sævar hafi fengið, því hann hafi sjaldnast viðurkennt móttöku þess, nema hann væri minntur á það. Sliks hafi aldrei verið þörf við aðra framreiðslumenn.

Við munnlegan flutning málsins var sýknukrafa stefnda einnig byggð á því, að sala Sigurðar Sævars á veitingum hafi verið óeðlilega lítil, án þess nokkur skýring hafi fengizt hjá honum, en slíku eigi veitingamaður ekki að þurfa að sæta. Þá var því einnig haldið fram, að uppsögn eiginkonu Sigurðar Sævars úr starfi vegna þess að hún hafi mælt slaklega megi leggja að jöfnu við það, að Sigurður Sævar væri áminntur fyrir slaklega mælingu. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er því haldið fram af hálfu stefnda, að uppsögn Sigurðar Sævars úr starfi sé ekki í neinum tengslum við stöðu hans sem trúnaðarmanns stéttarfélags síns, enda sé fram komið, að hann hafi sem trúnaðarmaður ekki haft

nein samskipti við Sigmar Pétursson og hafi hann því ekki verið látinn gjalda þess með neinum hætti, að hann var trúnaðarmaður. Af þessum sökum hrófli uppsögnin ekki við þeim hagsmunum, sem 11. gr. laga nr. 80/1938 sé ætlað að vernda. Hins vegar megi regla þessa lagaákvæðis ekki leiða til þess, að trúnaðarmaður geti í skjóli hennar brotið starfsskyldur sínar svo sem fram sé komið um Sigurð Sævar. Af hálfu stefnda er því sérstaklega mótmælt, að refsingu verði beitt í máli þessu, þar sem ekki sé fyrir hendi huglæg afstaða Sigmars Péturssonar til að skerða þá félagslegu hagsmuni, sem umræddri lagagrein sé ætlað að vernda.

Réttmætt er, að vinnuveitandi geri þá kröfu til trúnaðarmanns stéttarfélags á vinnustað, að hann gefi gott fordæmi og gæti þess að framfylgja sjálfur réttum og eðlilegum starfsreglum á vinnustað. Verður að telja, að misbrestur í þeim efnum af hálfu trúnaðarmanns geti veitt vinnuveitanda heimild til þess að segja trúnaðarmanni upp störfum, þrátt fyrir þá sérstöku vernd gegn uppsögn, sem leiða verður af ákvæðum 11. gr. laga nr. 80/1938 trúnaðarmanni til handa. Líkur eru fyrir því, að starfshættir Sigurðar Sævars hafi ekki verið misfellulausir með öllu. En þar sem hann var trúnaðarmaður stéttarfélags síns, hefði Sigmar Pétursson, ef hann ætlaði að láta meintar misfellur varða uppsögn, átt að tjá Sigurði Sævari það skýlaust, að það gæti varðað hann uppsögn, ef eigi yrði breyting á. Ósannað er, að Sigmar Pétursson eða starfsmenn hans hafi gefið slíka aðvörun, og verður þegar af þeirri ástæðu að telja, að framangreind uppsögn hafi brotið í bága við meginreglu 2. mgr. 11. gr. laga nr. 80/1938 og er uppsögnin ólögmat af þeim sökum.

Með tilliti til málavaxta er ekki ástæða til að dæma Sigmar Péturssyni refsingu samkvæmt 11. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 80/1938.

Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 20.000 í málskostnað.

D ó m s o r ð :

Uppsögn Sigmars Péturssonar á trúnaðarmanni Félags framreiðslumanna, Sigurði Sævari Matthíassyni, úr

starfi hinn 29. september 1974 er brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmat af þeim sökum.

Krafa stefnanda þess efnis, að Sigmarí Péturssyni verði dæmd refsing samkvæmt 11. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 80/1938, er ekki tekin til greina.

Stefndi, Samband veitinga- og gistihúsaeygenda vegna Sigmars Péturssonar, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands vegna Félags framreiðslumanna, kr. 20.000 í málskostnað innan 15 daga frá löghirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Vignis Jósefssonar.

Ég er samþykkur framangreindu dómsorði að öðru leyti en því, að ég tel eftir atvikum rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.
